

Fundargerð símafundar stjórnar samtakanna Landsbyggðin lífi, 13. febrúar 2025 kl. 20:30

Mættir: Sigríður B. Svavarsdóttir, Stefanía Gísladóttir, Hildur Þórðardóttir, Vigfús Ingvar Ingvarsson, Björgvin Hjörleifsson, Þórarinn Lárusson, Ómar Ragnarsson og Helga Guðný Kristjánsdóttir.

Fundarefni:

1. Finnska verkefnið, Coming Staying Living (Koma, búa, setjast að – í dreifbýli Evrópu). Við sendum inn umsókn til Nord+ 3. febrúar sl. og fengum í lið með okkur Menntaskólann á Ísafirði og Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri. Góður skriður er þar með kominn á þetta verkefni. Ísland er umsóknaraðili en aðrir samstarfsaðilar. Fáum væntanlega hærri styrk en hinir – flókið ferli, mikil vinna fór í að ganga frá umsókninni. Beðið var um að hafa tvö skólastig með í verkefninu. Við þurfum svo samvinnu við sveitarfélög í verkefninu.

Þórarinn um Möðrudal –málið flóknara en fyrst var talið – erfiðleikar með rafmagn – þau þurfa stuðning við stækkun á virkjun. Vilja fá sveitarfélagið eða allt Austurland inn í þetta mál. Þórarinn fylgist með framvindu málsins.

2. Mireia frá Europimpulse Network – hvort við viljum vera með í verkefni með ungmennum. Tengt heimsmarkmiðum SP. Vinna með unglingum 16-25 ára, áhersla á umhverfismál. Borg og sveit – hvað með Seltjarnarnes og kannski Menntaskólinn á Ísafirði sem hefur verið með eitthvert loftslagsverkefni. Hvað með fólk til að vinna að þessu verkefni? Það er lykilatriði, einnig spurning um fjármagn. Spánn, Marokkó og þá Ísland standa að þessu. Einhver ferðalög inni í þessu. Gætum hrist upp í „verkfærakistunni“ sem eigum. Ákveðið að samþykkja að vera með í þessu verkefni.

Heimsókn frá HSSL, 24/3 til 30/3. Nokkrar konur koma í heimsókn á vegum Hele Sverje Ska Leve (Svíþjóð öll lífi). Þetta er samvinnuverkefni sem tengist „sænsk íslenska árinu“. Vinnustofa verður 25. mars í húsnæði Norræna félagsins, kl. 16-18 og einnig á Netinu. Þarna verður starfsemi sænsku byggðasamtakanna kynnt og málin rædd. Leitað eftir að fá fulltrúa frá ráðuneyti í tengslum við sóknaráætlun í byggðamálum.

Rural European Parliament: Næsta Evrópska dreifbýlisþingið verður í Aberdeen 21.-23. október. Þurfum að skoða þátttöku. Virðist ekki mjög dýrt að fljúga til Edinborgar þar sem taka má lest til Aberdeen. Þurfum að finna fólk sem fyrst til að fara.

Umsókn um Hreyfimyndir með Lettlandi og Svíþjóð fór inn. Tengt heimsmarkmiðum SP.

Umsóknir í sambandi við gerð á spili, Sustainers program. Mættum skoða textann sem okkur var sendur og hvort við gerum athugasemdir.

Euroreso: 30 ára afmælisfundur í Valencia í lok apríl. Eigum við að senda fulltrúa? Flug til Barcelona og svo lest til Valencia. Samþykkt að Stefanía og Hildur fari.

Björgvin segir að við ættum að renna yfir **byggðastefnuna okkar** og sjá hvort við viljum breyta einhverju – senda svo á flokkana. Skil ekki alveg þessa hlýnun jarðar. Ómar hef lengi fylgst með þessum málum. Almennt er þetta mjög misjafnt eftir landsvæðum en í meginatriðum hefur staðist það sem vísindamenn hafa spáð fyrir um. „Hið kalda hjarta hafanna“ sjónvarpsþáttur sem Ómar gerði.

Talað um að við séum að eyðileggja vegina með þungaflutningum í stað sjóflutninga.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:30.

Vigfús Ingvar Ingvarsson ritaði